

Mál nr. 46/2006

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. vegna líkamstjóns ökumanns bifreiðarinnar A

Maður féll af bílpalli þegar hann var að losa úr pokum í síló þ. 21.6.2004.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 10.3.2006 ásamt fylgiskjölum 1-10
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 152/06
3. Bréf V dags. 16.3.2006 ásamt gögnum sem lögð voru fyrir tjónanefnd.

Málsatvik.

M var að vinna á palli MAN vörubifreiðar sem er með dreifingarbúnaði og datt af pallinum og hefur fallið um 2 metra samkvæmt því sem segir í lögregluskýrslu. Í lögregluskýrslu er haft eftir vitni að M hafi verið að vinna uppi á pallinum við að losa stóra saltsekki í síló þegar hann datt niður og vissi vitnið ekki af hverju M datt. Í skýrslu Vinnueftirlitsins er sagt frá með sama hætti í aðalatriðum og þar segir enfremur að ekki virðist vera um brot á lögum eða reglum að ræða í þessu tilviki. M krefst bóta úr slysátryggingu ökumanns A og byggir lögmaður M á því að slys M sé bótaskyldt skv. 92.gr. umferðarlaga nr. 50/1987 enda verði slysið rakið til notkunar ökutækis í merkingu 88.gr. umfl Slysið hafi hlotist af sérstökum búnaði bifreiðarinnar og eiginleikum hennar sem ökutækis í notkun og því um bótaskyldt tjón að ræða skv 92 gr umfl. V hafnar bótaskyldu og segir slys M verði á engan hátt rakið til aksturs bifreiðarinnar, sérstaks búnaðar hennar og stjórnþæki kranans víðsfjarri þeim stað þar sem að M stóð og losaði úr pokum með handafli. Þá vísar V í ýmsa dóma Hæstaréttar máli sínu til stuðnings.

Álit.

Ekki hefur verið sýnt fram á að slys M verði rakið til notkunar bifreiðarinnar A í umrætt sinn eða sérstaks vélræns búnaðar hennar. M á því ekki kröfu til bóta úr slysátryggingu ökumanns.

Niðurstaða.

Slys M er ekki bótaskyldt úr slysátryggingu ökumanns sbr. 92.gr. sbr. 88 gr. Umferðarlaga nr. 50/1987

Reykjavík 11.4.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.